

Dagskrá
17. ágúst 2022

Kynningardagur Menntamálastofnunar

Kl. 10:00, kl. 11:00,
kl. 13:00 og kl. 14:00

Á NETINU

Menntamálastofnun býður upp á rafrænar kynningar á nýju námsefni og verkefnum stofnunarinnar miðvikudaginn **17. ágúst frá kl. 10:00 – 16:00.**

Boðið verður upp á 15 kynningar í gegnum fjarfundakerfið Zoom. Einfalt er að taka þátt en það eina sem þarf til er nettengd tölvu.


Hvert erindi er áætlað um 20 - 30 mínútur með spurningum og umræðum á eftir. Um kynningar sjá ritstjórar námsefnis og fleiri sérfræðingar Menntamálastofnunar.

Allt námsefni sem er í boði hjá Menntamálastofnun má sjá hér: [Kynningarskrá 2022](#)

Við minnum á opið hús hjá okkur í Víkurhvarfi fimmtudaginn 18. ágúst frá 11:00 - 15:00. Allir velkomnir að skoða nýtt námsefni og spjalla við ritstjóra og annað starfsfólk Menntamálastofnunar.

LOTA 1 | KL. 10:00 - 11:00 |

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

STOFA	STOFA 1.1	STOFA 1.2	STOFA 1.3	STOFA 1.4
SKÓLASTIG	Öll skólastig	Unglingastig/ framhaldsskólastig	Yngsta stig	Miðstig
EFNI	Náttúru- og samfélagsgreinar	Náttúru- og samfélagsgreinar	Samfélags- og náttúru- greinar og stærðfræði	Enska
HEITI KYNNINGAR	Kynfræðsla og kynheilbrigði 	Menntun fyrir alla/ Sjálfbærni 	Halló heimur og Stærðfræðispæjarar 	Yes we can 
UMSJÓN	Sigrún Sóley Jökulsdóttir	Andri Már Sigurðsson	Auður Bára Ólafsdóttir	Arna Guðríður Sigurðardóttir


LOTA 2 | KL. 11:00 - 11:30 |

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

STOFA	STOFA 2.1	STOFA 2.2	STOFA 2.3	STOFA 2.4
SKÓLASTIG	Framhaldsskólastig	Öll skólastig	Öll skólastig	Öll skólastig
EFNI	Rafræn ferilbók	Námsmat	Lesskilningspróf	Lesfimipróf
HEITI KYNNINGAR	Rafræn ferilbók í vinnustaðanámi 	Hugleiðingar um náms- mat og námsmatslæsi 	Samning lesskilningsprófa 	Gerð viðmiða fyrir lesfimipróf 
UMSJÓN	Kristján Óskarsson	Sverrir Óskarsson	Inga Úlfisdóttir	Auðun Valborgarson

LOTA 3 | KL. 13:00 - 14:00 |

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

STOFA	STOFA 3.1	STOFA 3.2	STOFA 3.3	STOFA 3.4
SKÓLASTIG	Miðstig	Miðstig	Yngsta stig	Öll skólastig
EFNI	Samfélagsfræði	Náttúrugreinar	Tónmennt	Stærðfræði og náttúrugreinar
HEITI KYNNINGAR	Ég og sjálfsmyndin 	Náttúrulega 	Tónlist og tíminn 	Stærðfræði- og náttúrufræðikennsla í evrópskum skólum: Niðurstöður nýrrar Eurydice rannsóknar. 
UMSJÓN	Sigrún Sóley Jökulsdóttir	Andri Már Sigurðsson	Ólafur Schram og Skúli Gestsson	Hulda Skogland

LOTA 4 | KL. 14:00 - 15:00 |

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

STOFA	STOFA 4.1	STOFA 4.2	STOFA 4.3
SKÓLASTIG	Öll skólastig	Miðstig	Öll skólastig
EFNI	Aðalnámskrá grunnskóla	Íslenska	Ytra mat grunnskóla
HEITI KYNNINGAR	Kynning og samtal um aðalnámskrá grunnskóla 	Varúðarbækurnar 	Verkferill ytra mats 
UMSJÓN	Auður Bára Ólafsdóttir og Gunnhildur Harðardóttir	Sigríður Whöler	Svanhildur María Ólafsdóttir

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 1 | KL. 10:00 - 11:00 | [STOFA 1.1](#)


Skólastig: Öll skólastig

Námsgrein: Náttúru- og samfélagsgreinar

Heiti kynningar: Kynfræðsla og kynheilbrigði

Þörfin fyrir öfluga kynfræðslu, kennslu í samskiptum og lífsleikni hefur aldrei verið meiri. Mikil vitundarvakning hefur orðið á síðustu árum um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og það hefur í för með sér að auka þarf fræðslu um kynheilbrigði verulega. Þingsályktun var samþykkt á alþingi 2020 um að auka þurfi forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi og áreiti og til þess þyrfti að auka verulega við útgáfu námsefnis sem gæti nýst á öllum skólastigum. Í þessari kynningu verður farið yfir það efni sem nú þegar er til fyrir öll skólastig og eins hvað er væntanlegt.

Umsjón: Sigrún Sóley Jökulsdóttir



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 1 | KL. 10:00 - 11:00 | [STOFA 1.2](#)

Skólastig: Unglingastig/framhaldsskólastig

Námsgrein: Samfélagsfræði

Heiti kynningar: Menntun fyrir alla/Sjálfbærni

Heildstætt námsefni um sjálfbærni í samfélagi og náttúru. Námsefninu er skipt í sjö hluta sem hægt er að taka fyrir sem heild eða einungis einstaka hluta þess. Þessir hlutar eru jafnrétti kynja, menningarleg fjölbreytni, mannréttindi, friðsamleg menning, loftslagsbreytingar, sjálfbærni í náttúru og sjálfbær neysla og framleiðsla.

Námsefnið er ætlað nemendum á unglingastigi og jafnvel inn í framhaldsskóla. Efnið samanstendur af rafbók í sjö köflum, yfirgripsmiklum verkefnabanka og gæðavísi þar sem nemendur fá tækifæri til að meta stöðuna í sínu nærsamfélagi og fá hugmyndir að því hvernig þeir geta sjálfir gripið til aðgerða.

Umsjón: Andri Már Sigurðsson



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 1 | KL. 10:00 - 11:00 | [STOFA 1.3](#)

Skólastig: Yngsta stig

Námsgrein: Samfélags- og náttúrugreinar og stærðfræði

Heiti kynningar: Halló heimur og Stærðfræðispæjarar

Kynnt verður nýjast námsefni sem gefið hefur verið út fyrir
yngstu nemendurna í samfélags- og náttúrugreinum og stærðfræði.

Umsjón: Auður Bára Ólafsdóttir



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 1 | KL. 10:00 - 11:00 | [STOFA 1.4](#)


Skólastig: Miðstig

Námsgrein: Enska

Heiti kynningar: Yes we can

Kynnt verður önnur bókin af heildstæðu efni í ensku
fyrir miðstig – Yes we can 6. Farið verður í uppbyggingu efnisins
og sýnd dæmi um notkun, sem og hvað er væntanlegt í flokknum.

Umsjón: Arna Guðríður Sigurðardóttir



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 2 | KL. 11:00 - 11:30 | [STOFA 2.1](#)

Skólastig: Framhaldsskólastig

Heiti kynningar: Rafræn ferillbók

Menntamálastofnun hefur umsjón með innleiðingu rafrænnar ferillbókar í vinnustaðanámi. Í kynningunni verður farið yfir markmiðin með gerð ferillbókarinnar en þau eru m.a. að efla gæði vinnustaðanáms með því að mynda samskiptavettvang nemenda, vinnustaða, skóla og annarra sem koma að starfsnámi. Einnig verður sýnt hvernig RF virkar.

Umsjón: Kristján Óskarsson



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 2 | KL. 11:00 - 11:30 | [STOFA 2.2](#)

Skólastig: Öll skólastig

Heiti kynningar: Hugleiðingar um námsmat og námsmatslæsi

Fjallað verður stuttlega um ólík form á námsmati og mismunandi tilgang þeirra. Hugleiðing um heildstæða sýn á námsmat og gagnrýni á slíkt fyrirkomulag. Þá er fjallað um námsmatslæsi og velt upp hvort það geti verið farsæl leið í umræðu um námsmat.

Umsjón: Sverrir Óskarsson



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 2 | KL. 11:00 - 11:30 | [STOFA 2.3](#)

Skólastig: Öll skólastig

Heiti kynningar: Samning lesskilningsprófa

Fjallað verður um tengsl prófagerðar og inntakstöflu.

Umsjón: Inga Úlfsdóttir



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 2 | KL. 11:00 - 11:30 | [STOFA 2.4](#)

Skólastig: Öll skólastig

Námsgrein: Lesfimiþróf

Heiti kynningar: Gerð viðmiða fyrir lesfimiþróf

Haustið 2016 gaf Menntamálastofnun út lesfimiviðmið, einskonar vörður sem segja til um stíganda í lesfimi frá einum bekk til annars. Þetta eru almenn viðmið um færni nemenda í lesfimi sem gegna því hlutverki að setja upp markmið fyrir nemendur í hverjum árgangi þannig að þeir verði undirbúnir fyrir þær kröfur sem þeir munu þurfa að mæta á næstu stigum náms. Vinna við gerð viðmiðanna byggði á takmörkuðum gögnum sem voru til á þeim tíma og byggði því frekar á fræðilegum grunni ásamt faglegu áliti þverfaglegs sérfræðingahóps. Raunvís athugun á lesfimiviðmiðum (2021) leiddi í ljós að með núverandi viðmiðum missir kerfið af nemendum sem eru í áhættu fyrir lesskilningsvanda og að viðmið um góða færni eru of há. Farið verður yfir tillögur um breytingar á viðmiðunum.

Umsjón: Auðun Valborgarson



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 3 | KL. 13:00 - 14:00 | [STOFA 3.1](#)


Skólastig: Miðstig

Námsgrein: Samfélagsfræði

Heiti kynningar: Ég og sjálfsmyndin

Kynnt verður fyrsta bókina af þremur í bókaflokki í lífsleikni en höfundur bókanna er Garðar Gíslason og myndhöfundur er Blær Guðmundsdóttir. Efni bókanna eru lífsleiknitengt. Fjallað er um sjálfsmyndina og velt upp spurningunni: hver er ég og af hverju er ég eins og ég er? Hvað er félagsmótun og hverjir eru helstu félagsmótunaraðilar og hópar sem við tilheyrum? Þar næst er fjallað um lýðheilsuþálfa eins og mataræði, hreyfingu og svefn og áhrif þessara þátta á andlega líðan. Kynþroski og klám fá sína umfjöllun, svo og ýmis vandamál í nærumhverfinu svo sem ofbeldi og vímuefni. Tvær bækur eru væntanlegar á næstu árum í sama bókaflokki og er vinnuheiti þeirra **Ég og samfélagið** og **Ég og umheimurinn**.

Umsjón: Sigrún Sóley Jökulsdóttir



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 3 | KL. 13:00 - 14:00 | [STOFA 3.2](#)

Skólastig: Miðstig

Námsgrein: Náttúrugreinar

Heiti kynningar: Náttúrulega

Farið verður í kjarnaefnið Náttúrulega þar sem fjallað er um náttúrugreinar fyrir miðstig. Sérstaklega verður rætt um **Náttúrulega 2** sem er nýjasta bókina í sériunni en einnig verður rætt um allan bókaflokkinn sem heildstæða einingu. Farið verður í hvernig efnið er byggt upp, hvað fylgir með því og hvernig hægt er að vinna með það.

Umsjón: Andri Már Sigurðsson



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 3 | KL. 13:00 - 14:00 | [STOFA 3.3](#)

Skólastig: Yngsta stig

Námsgrein: Tónmennt

Heiti kynningar: Tónlist og tíminn

Kynnt verður nýtt tónmenntaefni fyrir yngsta stig. Í efniinu er samspil tímans og náttúrunnar skoðað út frá tónlist og einkum unnið með árstíðirnar, sólarhringinn og sjávarföllin. Unnið er með sönglög frá ýmsum heimshornum og áhersla lögð á miðlun þeirra með hlustun og endurtekningu. Frumþættir tónlistar fléttast inn í efnið, s.s. form, tónstyrkur, tónhæð, tónlengd, túlkun og rými. Náms efnið samanstendur af nemendabók, kennsluleiðbeiningum og hljóðefni á vef. Höfundar efnisins, Ólafur Schram og Skúli Gestsson, kynna uppbyggingu þess og notkunarmöguleika.

Umsjón: Ólafur Schram og Skúli Gestsson



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 3 | KL. 13:00 - 14:00 | [STOFA 3.4](#)


Skólastig: Öll skólastig

Námsgrein: Stærðfræði og náttúrugreinar

Heiti kynningar: Stærðfræði- og náttúrufræðikennsla í evrópskum skólum: Niðurstöður nýrrar Eurydice rannsóknar.

Stærðfræði- og raungreinakennsla gegnir mikilvægu hlutverki í að undirbúa börn og ungmenni fyrir það að verða ábyrgir og virkir þegnar í samfélagi örra tæknibreytinga. Vísbendingar eru hins vegar um að allt of mörg börn í Evrópu nái ekki lágmarksviðmiðum í stærðfræði og náttúruvísindum. Stéttarstaða nemenda og það hvort kennarar hafi yfir að búa sérhæfingu í að kenna nemendum sem standa höllum fæti virðast hafa skýringargildi. Eins er vaxandi kynjamunur í kunnáttu nemenda í þessum mikilvægu fögum áhyggjuefni.

Umsjón: Hulda Skogland



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 4 | KL. 14:00 - 15:00 | [STOFA 4.1](#)

Skólastig: Öll skólastig

Námsgrein: Aðalnámskrá grunnskóla

Heiti kynningar: Kynning og samtal um aðalnámskrá grunnskóla

Nú hefur vefurinn www.adalnamskra.is verið í loftinu í eitt ár.

Á kynningunni verður vefurinn, notkunarmöguleikar hans og stuðningsefni kynnt.

Jafnframt verða þátttakendur hvattir til að segja frá upplifun sinni af vefnum og ræða almennt um aðalnámskrá.

Umsjón: Auður Bára Ólafsdóttir og Gunnhildur Harðardóttir



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 4 | KL. 14:00 - 15:00 | [STOFA 4.2](#)

Skólastig: Miðstig

Námsgrein: Íslenska

Heiti kynningar: Varúðarbækurnar

Varúðar - bækurnar er nýr léttlestrarflokkur einkum ætlaður nemendum á miðstigi. Bækurnar verða kynntar og skoðað lauslega hvernig þær geta nýst í kennslu. Þessi kynning er upptaka.

Umsjón: Sigríður Whöler



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

LOTA 4 | KL. 14:00 - 15:00 | STOFA 4.3

Skólastig: Öll skólastig

Heiti kynningar: Verkferill ytra mats

Farið verður yfir verkferil grunnskóla
vegna ytra mats- og umbótaáætlana grunnskóla.

Umsjón: Svanhildur María Ólafsdóttir

